

Vertu til - forvarnaverkefni

Vertu til! er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar um að efla áfengis- og fíkniefnaforvarnir sveitarfélaga.

Verkefnið er til þriggja ára eða frá 2003 og til ársloka 2005.

Megininntak verkefnisins er fólgið í ráðgjöf og upplýsingaöflun um skipulag og framkvæmd forvarnastarfs gagnvart ungu fólki. Meðlimir stjórnarinnar koma hvaðanæva að á landinu en formennska verkefnisins er í höndum Soffíu Gísladóttur, félagsmálastjóra Þingeyinga.

Stefna og markmið verkefnisins
Markmið verkefnisins voru mótuð á grundvelli hugmyndafræði verkefnisins (sjá www.vertutil.is) og víðtækra rannsókna á framkvæmd öflugs forvarnastarfs. Þeim er einkum ætlað að ná fram skilvirkri og ítarlegri samvinnu bæjaryfirvalda og grasrótarstarfs í sveitarfélögum landsins. Meginmarkmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- 1) Að öðlast yfirsýn yfir forvarnastarf í sveitarfélögum og safna upplýsingum um slíka starfsemi;
- 2) að vímuvarnir verði viðurkenndur málaflökkur í sveitarfélögum landsins;
- 3) að sveitarfélög móti forvarnastefnu sem er framkvæmanleg og öllum sýnileg og
- 4) að stefnan verði byggð á breiðum grundvelli og sameini alla lykilaðila í uppeldi ungs fólks

Jafnframt leggur **Vertu til** mikla áherslu á sjálfstæði sveitarfélaganna í forvarnastarfi og að styrkur þeirra njóti sín sem best. Viða er unnið mjög gott forvarnastarf og er markmiðið að efla slíka starfsemi.

Einkenni sveitarfélaga þar sem forvarnastarf virkar

Harvey Milkman, prófessor í sálfræði hefur skipulagt öflugt forvarnastarf



fyrir ungmenni. Hann telur mikilvægt að allt bæjarfélagið sameinist um mikilvægi forvarnastarfsins og að það hefjist markvisst þegar í leikskóla. Hann nefnir nokkur lykilatriði sem einkenna þau skólahverfi og/eða bæjarfélög sem hafa náð árangri í forvarnastarfi:

- 1) Stofnanir og samtök láta sig vímuvarnir varða, þar með talin lögregla, skólinn, foreldrar og fleiri. Bæjarfélagið tekur ábyrgð á forvarnastarfseminni og og tryggir að allir starfi saman sem heild. Stefnumótunin er skýr, skrifleg og viðurkennd af öllum;
- 2) Þessir aðilar hafa samvinnu og móta samræmda stefnu og
- 3) víðtækt foreldrasamstarf.

Eins og þessar rannsóknir sýna er skilgreind og ítarleg samvinna allra þeirra sem koma að uppeldi ungs fólks grundvallaratriði öflugs forvarnastarfs. Þess vegna leggur **Vertu til** áherslu á að sveitarfélög landsins ráði forvarnafulltrúa, eða igildi hans, til þess að halda utan um forvarnastarf í sveitarfélaginu. Smærri sveitar-

Verkefnisstjórar Vertu til á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í nóvember 2003: Svandís Nína Jónsdóttir t.v. og Sigríður Hulda Jónsdóttir t.h.

félög geta sameinast um slíkan starfskraft og er þá oft um hlutastarf að ræða. Reynslan hefur sýnt að þar sem um er að ræða samstarf margra aðila eins og í forvarnamálum, er nauðsynlegt að ákveðinn aðili haldi utan um starfsemina. Ef slíkt utanumhald er ekki til staðar er hætt á því að starfsemin verði óskilvirk.

Starfsemi **Vertu til** undanfarið ár hefur verið mjög víðtæk og tekið mið af þörfum hvers sveitarfélags fyrir sig. Til að mynda hefur verkefnið heimsótt mörg sveitarfélög og verið með erindi um stefnumótun í forvarnamálum sem og aðra þætti forvarnastarfs. Fyrsti landsfundur **Vertu til** var haldinn 7. maí sl. þar sem fulltrúar frá flestum sveitarfélögum landsins komu til þess að hlýða á fyrirlestra um ýmsa þætti forvarnastarfs og taka þátt í hópavinnu þar sem rætt var um forvarnir í ýmsum myndum. □